

Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 10. september 2009

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir og Brynja Oddgeirsdóttir.

1. Dagsetning félagsfunda og annarra atburða FFA í vetur

Ákveðið var að félagsfundir í vetur yrðu haldnir á mismunandi vikudögum í vetur til að sem flestir ættu kost á að mæta. Áætlað er að fundir og uppákomur á vegum félagsins verða á þessa leið:

21.sept.	Fyrsti félagsfundur FFA, almenn kynning á fundarsköpum og fyrirkomulagi. Skipað í nefndir.
13.okt.	Almennur félagsfundur og auka-aðalfundur. Kosið í fagráð, skólaráð og kosning skoðunarmanns reikninga.
11.nóv.	Almennur félagsfundur - ýmis verkefni rædd og undirbúin, m.a. jólaföndur áætlað erindi/heimsókn.
4. des.	Jólaföndur
13. jan.	Almennur félagsfundur - fræðsluerindi og almenn fundarsköp.
18.febr.	Almennur félagsfundur
15.mars	Almennur félagsfundur - undirbúningur vegna páskabingós.
25.mars	Páskabingó
13.apríl	Almennur félagsfundur - áætlað erindi/heimsókn.
maí	Undirbúningsfundur stjórnar og fagráðs vegna aðalfundar.
11.maí	Aðalfundur FFA

2. Könnun meðal foreldra

Foreldrafélagið lagði fyrir könnun meðal foreldra á viðtalsdegi skólans í vikunni. Kristjana sem útbjó könnunina var búin að lesa úr henni og var mjög ánægð með þátttökuna. Þar var spurt um ritföng, skólabúninga og viðhorf til foreldrastarfsins. Þáttaka var framar vonum þar sem foreldrar 227 barna svöruðu könnuninni. 58% foreldra vildu vera virkir í foreldrafélaginu þannig að búast má við mikilli grósku í vetur.

Meirihluti foreldra höfnuðu núverandi skólabúning en mikill meirihluti var fylgjandi því að kaupa hettupeysur, með nafni skólans. Hafdís ætlar að athuga með verð á peysum og buxum. Foreldrar geta síðan valið hvað þeir vilja kaupa. Hægt væri að nota hagnað af sölu skólapeysunnar, ef einhver verður, til að leggja í ferðasjóð nemenda sem stofnaður var í fyrra. Síðan gæti 10. bekkur tekið að sér söluna næstu árin til að safna upp í útskriftarferðina sína.

3. Fræðsluerindi

Ýmsar hugmyndir komu upp varðandi fræðsluerindi eða heimsóknir á félagsfundum í vetur. Ákveðið að reyna að hafa eina heimsókn fyrir áramót og aðra eftir áramót.

4. FFGÍR

Næsti fundur FFGÍR verður haldinn 17. sept. Lovísa og Hulda munu mæta á fundinn. Kristjana sagði að verkefnasjóri FFGÍR hefði sýnt könnun FFA mikinn áhuga og vildi kynna sér málið betur.

5. Auka-aðalfundur

Ákveðið var að halda auka-aðalfund ásamt félagsfundum 13. okt. Kjósa þarf í fagrað og skólaráð ásamt því að kjósa skoðunarmann reikninga.

6. Félagsfundur 21. sept.

Dagskrá fyrsta félagsfundar vetrarins var ákveðin og undirbúin. Stjórnarkonur munu halda undirbúningi áfram í gegnum tölvupóst. Bjartsýni var um góða mætingu m.v. útkomu könnunar. Jóna Guðrún mun senda út fundarboð ásamt niðurstöðu könnunarinnar til allra foreldra /forráðamanna í skólanum strax eftir helgi.

7. Bekkjarfulltrúar

Mikilvægt er að fá einhverja af bekkjarfulltrúum síðasta árs til að halda áfram í vetur og miðla þannig fenginni reynslu. Jóna Guðrún mun hringja í nokkra þeirra og heyra í þeim hljóðið. Einnig er mikilvægt að bekkjarfulltrúar síðasta árs mæti á fyrsta félagsfund vetrarins til að miðla reynslu og fá nýja foreldra með til starfa.

Jóna Guðrún hefur útbúið tvíblöðung fyrir bekkjarfulltrúa með einföldum og handhægum upplýsingum svo sem upplýsingagjöf, hugmyndir að samverustundum o.fl. Tvíblöðungurinn verður settur inn á svæði foreldra á heimsíðu skólans.

8. Styrkir

Ákveðið var að styrkja Akurskóla vegna tveggja verkefna. Annars vegar verkefnið “barn að láni” fyrir nemendur 9.bekkar og hins vegar brúðuleikhússýningu á vegum Blátt áfram hópsins sem heitir “Krakkarnir í götunni” en það er fyrir 4.bekk. Hvort verkefni kostar kr.40.000.-

9. Námskynningarfundir

Jónína skólastjóri átti von á að námskynningarfundir skólans yrðu í vikunni 21.- 26. sept. nk. Nauðsynlegt gæti þá orðið að breyta fundartíma félagsfundar sem áætlaður er 21. sept. Kristjana mun ræða við Jónínu vegna þessa og fá nákvæmar upplýsingar.

Fundi slitið.

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir